

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Blásalir

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra xxxdeildar um starfið á síðasta ári	7
3 Ytra mat	26
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	30
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	32
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	33
7 Foreldrasamvinna	34
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>)	35
9 Skipulagsdagar	35
10 Fylgigögn	36
10.1 Matsgögn	36
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	36

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Eins og undanfarin ár lögðum við áherslu á græn gildi í starfinu á leikskólanum. Við unnum að verkefnum tengdum Grænfánanum, nýttum grenndarsvæði leikskólans sem heitir Gullkistan og síðan unnu elstu börnin útiverkefni á sameiginlegu svæði leik og grunnskólanna í Selásnum sem við köllum Heimahagana. Allt eru þetta verkefni sem tengjast þessum grænu gildum sem einkennt hafa skólastarfið. Einnig voru við virk í útikennslu og starfsfólk sótti námskeið um ákveðnar leiðir í útikennslu hjá Gufunesbæ.

Á skólaárinu sem er að líða 2017 – 2018 vorum við þátttakendur í Nordplusverkefni The world of Storytelling og er aðaláherslan á læsi. Þátttökulöndin eru Svíþjóð, Eistland og Noregur, verkefnastjóri í verkefninu er Elín Guðjónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri. Lokafundur í þessu samstarfsverkefni var núna í júní í Svíþjóð. Þetta er þriðja verkefnið stóra samstarfsverkefnið okkar síðan 2012 sem við erum þátttakendur í og er þetta einn af þáttum í starfsþróun leikskólakennara og annarra starfsmanna.

Haustið 2017 opnuðum við tvær ungbarnadeildir við skólann og tókum inn 24. börn fædd 2016. Að vísu dróst að aðlaga inn börnin fram á veturinn vegna þess að lokað var fyrir vistun barna, að því leiddi að deildar voru ekki fullvastaðar börnum fyrr en um áramót. Þeir leikskólar sem fóru af stað með ungbarnadeildir funduðu saman og báru saman bækur sínar varðandi innkaup og einnig fengum við Sigrúnu Einarsdóttir til að vinna með okkur sameiginlega yfir veturinn. Sigrún kom bæði og talaði við alla starfsmenn á starfsdegi og kom og fylgdist með vinnu á yngstu deildunum og gaf endurgjöf til deildarstjóra varðandi vinnuna með börnunum. Framkvæmdir vegna ungbarnadeildar voru meðal annars þær að önnur deildin var máluð og settur hiti í gólf, við fengum afgirtan garð fyrir yngstu börnin og útiskúr. Núna erum við með tvær yngstu deildar, eina miðdeild og eina elstubarna deild.

Vinna með flæði í húsinu var góð þetta skólaárið og að venju Öskudagurinn sem fékk sinn tíma og athygli með því að skapa hinar ýmsu persónur. Nýttum við þar vinnu með bókina sem var verið að vinna með eftir áramótin í Nordplus verkefninu okkar. Bókin var Pétur og hænsnaþjófurinn eftir Sven Nordqvist, það var því nóg af hænum, refum, köttum á Öskudagsballinu og Pétur aðalpersónan var líka með. Teknar voru deildarmyndir af börnunum þar sem þau voru í sínum flottu heimatilbúnu búningum. Í þessari vinnu fléttuðum við saman lestri bóka, samskiptum, sköpun, fjölmenningu,

margbreytileika, sjálfbærni og endurnýtingu. Yngri deildar jafnt og eldri tóku þátt í þessari vinnu á sinn hátt.

Grænn apríl var að vanda helgaður endurvinnsla og sköpun auk þess sem vinna með vorið með því að sá fyrir sumarblómum er fastur liður í apríl.

Opið hús var í byrjun maí og var það með nýju sniði. Í stað hefðbundnar sýningar á verkum barnanna buðum við foreldrum upp á smiðju með börnum sínum þar sem efniviðurinn var endurnýttir pappakassar og annað efni sem fellur til. Verkefnið var að búa til köttinn hans Péturs sem við vorum búin að vinna svo mikið með. Þetta var mjög vel heppnað og góð þátttaka foreldra.

Hnattrænt jafnrétti var viðfangsefnið okkar í tengslum við Grænfánann og var mikill áhugi hjá börnum á elstu deildinni. Lesnar voru bækur, skoðuð myndbönd og mikið rætt um mismunandi lífsskilyrði barna í heiminum. Börnin ræddu um ásamt leikskólakennara hvað þau gætu gert til að hjálpa til og var ýmislegt nefnt eins og að selja leikföng eða að safna flöskum og fara með í endurvinnslu. Að endingu komu börn og starfsfólk á elstu deild sér saman um að bjóða foreldrum að koma og borða súpu í hádeginu á degi leikskólans 6. febrúar og selja súpu og brauð á 1000 krónur og leggja það sem safnaðist inn á reikning UNICEF. Söfnunarfénu var síðan skilað inn til UNICEF og fulltrúar þeirra komu í leikskólann og tóku við fénu og fræddu börnin.

Leikskólinn fór í ytra mat á skólaárinu og komu fulltrúar frá SFS til okkar í tengslum við matið og gekk sú vinna vel fyrir sig. Við vorum þökkalega ánægðar með niðurstöður matsins nema helst að við hefðum getað skilað betur inn verkferlum í tengslum við sérkennslu en þar fengum við athugasemdir sem við teljum að við séum að vinna eftir. Vinna við umbótaþætti standa en yfir og mun það styrkja skólann að hafa alla þá þætti skíra og aðgengilega.

Rekstur skólans var fjárhagslega erfiður vegna þess að ekki fengust börn í þau pláss sem til voru en starfsmenn voru til staðar. Við komum því ekki vel út í lok árs þegar rekstrarlegar þættir voru teknir saman.


Nokkrar breytingar voru á starfsmannahópnum á skólaárinu, starfsfólk hætti og fann sér nýjan starfsvettvang. Langtímaveikindi og skammtímaveikindi voru töluverð eftir áramótin og gerði starfsemina flóknari á ákveðnum tímum og reyndi á þolgæði þeirra sem eftir voru. Það voru nokkrir dagar á skólaárinu þar sem við urðum að senda börn heim vegna manneklu. Undirbúningur deildarstjóra og annarra starfsmanna varð einnig minni en æskilegt er fyrir vikið. Við stefnum á að lagfæra það á komandi skólaári.

Skólaárið 2017 – 2018 var þegar á heildina er litið gott, fjöldi barna á deildum var undir viðmiðum og rými fyrir alla betra og rólegra í húsinu en undanfarin ár.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Mat leikskólans var unnið út frá yrta mati sem gert var í febrúar 2018 af SFR. Sett hefur verið upp umbótaáætlun sem unnið verður að frá 2018 til 2021. Allar deildir endurmátu deildarskipulag og dagskipulag leikskólans, breytingar voru á dagskipulagi haustið 2017, kaffitímar starfsfólks voru sameinaðir og aðeins einn kaffitími tekin. Þetta kostaði breytingar á dagskipulagi. Í endurmatinu var líðan og þroski barnanna skoðuð. Einnig var aðbúnaður og aðlögun sértaklega endurmetin.

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Bláudeildar um starfið á síðasta ári

Deildin breyttist mjög mikið á þessum vetri. Börnin á deildinni hafa verið um 2-3 ára en þennan vetur voru opnaðar ungbarnadeildir á yngri kjarna. Við vorum því að taka inn börn rétt yfir 1 árs. Mesti munurinn að okkar mati var að börn á þessum aldri eru ekki búin að ná þeim félagslegum þroska að leika saman og/eða leita til hvers annars. Það getur því verið krefjandi fyrir starfsmenn að sinna öllum börnunum og eru þau mikið í fangi. Við reyndum þó að vera eins mikið á gólfinu og hægt var. Í aðlöguninni var mjög mikið líkamlegt álag á starfsmönnum. Við vorum þó mjög ánægðar með hvað starfsfólk frá öðrum deildum hjálpaðist að við að létta undir með litlu krílin með því að halda á þeim og dreifa huga þeirra.

Deildin hefur alltaf verið með hópastarf en þennan vetur ákváðum við að hafa frekar leikstöðvar (m.a. boltasvæði, listasvæði, kubbasvæði, þrautabraut) sem börnin gátu farið á milli og starfsmenn voru duglegir að dreifa sér. Börnin fóru einnig mjög reglulega í könnunarleikin. Leikefnið var alltaf í þeirra hæð og fengu þau að velja sér sjálf það sem þau vildu leika með. Þegar börnin voru illa fyrir kölluð og/eða þreytt þá vorum við fljót að loka hurðum og leyfa þeim að leika sér í litlum hópum.

Við höfum ávaxtastund kl. 9.45 og útivera kl. 10-11. Við erum síðan með tvær samverustundir, ein fyrir hádegismat og ein fyrir síðdegishressingu.

Við erum mjög ánægðar með dagskipulagið og viljum við halda sömu rúttínu næsta haust.

Aðbúnaður

Í vetur voru keyptir nýir stólar sem eru sérstaklega hentugir fyrir þennan aldur og gott að þrifa þá. Við fengum tvö leikskilrúm og festingar inn á deildina sem börnin geta notað í leik. Það er einnig hægt að festa myndir á það sem er mjög sniðugt og börnin skoða myndirnar mikið. Við vonum þó að hægt sé að kaupa tvær hliðar til viðbótar svo að hægt sé að festa hliðarnar saman og búa til hús sem börnin þar sem leika sér. Við fengum hlið í kjarnann til að minnka slyshættu í sullkerinu. Okkur fannst það mjög hentugt og nauðsynlegt. Við höfum einnig nýtt hliðin til að líma á námsgögn fyrir börnin.

Það voru sett hlið í fataklefan sem hafa gert það að verkum að börnin gleyma sér ekki í hlaupum og við höfum meiri yfirsýn yfir barnahópinn. Þar af leiðandi nýttist tíminn í fataklefanum til þess að kenna börnunum að klæða sig í sjálf og auðvitað gátum við talað meira við börnin í rólegheitunum og aukið orðaforðann þeirra.

Góðar breytingar hafa átt sér stað í garðinum. Við fengum vegasalt og lítinn kastala sem hentar yngri börnum. Það var sett gras með gúmmi á svæðið sem ungbarnaleiktækin eru. Þ.a.l. betri fallvörn ef þau detta. Við fengum nýjan skúr sem var mjög kærkomin. Það var sett upp hlið í garðinn til að afmarka svæðið fyrir yngstu börnin. Við erum búin að biðja um að hafa hlið þvert yfir efri garðinn þannig að

börnin fara beint á afmarkaða svæðið þegar þau fara út í garð. Okkur finnst erfitt líkamlega að flytja börnin yfir á afmarkaða svæðið þar sem það er frekar langt frá útidyrhurðinni. Það myndi einnig stækka svæðið þeirra og meira rými fyrir litlu hjólin og frjálsan leik.

Aðlögun

Yngri kjarninn var breyttur í ungbarnadeildir í haust. Okkur fannst aðlögunin mjög þung. Mikið af ungum, óöruggum börnum og hefði þurft fleiri hendur til að sinna þörfum barnanna. Við vorum með aðlögun fram í febrúar og starfið á deildinni tók mið af því.

Næsta haust munum við gera svipað og síðasta vetur, að sitja á gólfinu og leyfa þeim að flakka á milli leikstöðva.

Aðbúnaður

Þegar opnuð var ungbarnadeild hjá okkur voru keypt hlið í fataklefan og í kjarnann þar sem sullið er. Þessi hlið hafa nýst okkur sérstaklega vel í starfi með börnunum. Þau eru í raun nauðsynleg fyrir öryggi barnanna. Slysín hafa fækkað mjög mikið í kjarnanum

Samverustund

Það eru alltaf tvær samverustundir á dag á yngri kjarna. Fyrir hádegismat og fyrir síðdegishressingu. Í haust voru samverustundirnar eins og hefur verið síðustu ár þar sem börnin sátu á dýnum og t.d. hlustuðu á stutta sögu úr bók, sungu nokkur lög og/eða fengu fræðslu um litina, líkamann, veðrið o.fl. og tóku þátt í umræðum. Aðlögun barnanna þennan vetur var mjög erfið. Börnin voru lengi að aðlagast, það var mikill grátur og börnin voru mikið í fangi. Samverustundin gekk því frekar erfiðlega og tóku starfsmenn ákvörðun um að prófa að láta börnin sitja á stólum í hring inn í innra herbergi. Það gekk vel til að byrja með en við tókum eftir því að það væri í raun betra að láta þau sitja aftur á dýnum á gólfum því það var of mikil fyrirhöfn að færa stólana til og frá.

Við tókum ákvörðun í vetur að sleppa aldrei samverustundum þar sem að rútínan skipti mjög miklu máli hjá börnunum og úthald/einbeitingin varð betri. Það fór mikil málörvun fram í þessum stundum. Næsta haust ætlum við halda okkar striki og hafa samverurnar alltaf á sama tíma þó að þær verði aðeins styttri ef börnin eru ekki í góðu dagsformi.

Hádegismatur

Við lögðum mikla áherslu í vetur að börnin reyndu að borða sjálf og drukku úr glasi en ekki stútkönnu nema þau allra yngstu. Við pössuðum bara upp á að hella ekki of miklu í glösin þeirra. Þau voru mjög fljót að ná tökum að borða og drekka snyrtilega. Við lögðum mikla áherslu að börnin notuðu orðin sín til að biðja um aðstoð við matarborðið og gekk það misvel eftir börnum. Börnin gengu frá diskum og

glösum eftir síðdegishressinguna. Þeim fannst það sérstaklega gaman og voru þau mjög dugleg. Andrúmsloftið í matartímanum var yfirleitt mjög afslappað.

Úrbætur fyrir næsta haust er að vera duglegri að láta þjóna sækja matinn og leggja á borð með starfsmanni.

Fataklefi

Við vorum duglegar í vetur að skipta börnunum upp í smærri hópa þegar þau voru klædd í útiföt. Nokkur börn voru klædd í útifötin inn á deild eða í kjarna og hin börnin fóru í útifötin í fataklefanum. Þannig náðist að halda ró yfir hópnum. Nokkur börn á deildinni voru sérstaklega dugleg að klæða sig í útifötin og það smitaði mjög út frá sér þannig að það myndaðist mjög góð stemning í hópnum að klæða sig sjálf í fötin. Starfsmenn voru einnig styðjandi í að fá börnin til að klæða sig sjálf. Mikil málörvun átti sér stað í fataklefanum.

Næsta haust ætlum við að halda áfram að skipta þeim upp í smærri hópa fyrir útiveru og nota orð á athafnirnar.

Hópastarf

Strax um haustið tókum við eftir að það hentaði börnunum miklu betur að vera í frjálsum leik heldur en í hópastarfi. Milli 9-10 á morgnana gátu börnin flakkað á milli stöðva að vild. Þau gátu valið um hreyfisvæði, stóra kubba, alls kyns minni kubba, dúkkusvæði, leir, vatnsliti og fleira. Tilgangur þessa starfs var m.a. að auka félagsfærni barnanna (t.d. læra að skiptast á), æfa grófhreyfingar þegar þau æfðu sig t.d. að ganga á þrautabrautinni og fóru upp og niður innirennibrautina, æfðu fínhreyfingar með því t.d. að kubba með litla kubba og lita. Það styrkir sjálfsmyndina að fá að velja viðfangsefnin. Gula- og Bláadeildin voru oft með opið á milli deilda og gátu börnin flakkað á milli. Suma daga var óróleiki í börnunum og þá fannst okkur betra að skipta þeim upp. Börnin fóru mjög oft í könnunarleikinn.

Næsta haust ætlum við að hafa sama fyrirkomulag á morgnana. Það hentar mjög vel þessum aldri. Við ætlum að halda áfram að mála og fönndra mikið og fara í könnunarleikinn.

Útivera

Við reyndum að halda sama fyrirkomulagi eins og hefur alltaf verið gert. Það var farið út á hverjum degi nema þegar veðrið var mjög slæmt, sérstaklega fyrir þennan unga aldur. Við fengum nýtt hlið í garðinn til að afmarka svæðið fyrir ungbörnin. Hliðið hentaði mjög illa því að starfsfólk þurfti í flestum tilfellum að halda á börnunum að hliðinu því það var svo langt í burtu frá útidyrhurðinni. Það hefði hentað okkur betur að hliðið hafi verið þvert yfir garðinn og börnin væru því strax á sínu svæði þegar það var út. Þá væri auk þess stærra svæði fyrir frjálsan leik. Markmið útiverunnar er fyrst og fremst hreyfingin

og að anda að sér fersku lofti. Þau læra einnig heilmargt í útiveru eins og að kynnast náttúrunni, njóta og bera virðingu fyrir henni. Heilmikil málörvun á sér stað utandyra.

Næsta haust verður farið út eins mikið eins mikið og hægt er og starfsfólk heldur áfram að vera virkt og til staðar fyrir börnin. Starfsfólkið á að vera lykilþátturinn í útikennslu.

Móttaka/kveðja

Reynum nánast alltaf að taka á móti börnum á morgnana með nafni og einnig þegar við kveðjum. Þar sem að börnin eru ung þá höfum við látið foreldra vita að stoppa stutt á morgnana því að ef þau ílengjast geta börnin orðið leið. Við gefum okkur þó tíma til að taka á móti upplýsingum frá heimilinu sem skiptir barnið máli og nauðsynlegt fyrir okkur að vita. Við látum foreldra vita að að þeir geta alltaf hringt í okkur og spjallað. Við hvetjum foreldra að spjalla við okkur í lok dags. Við kennum foreldrum hvernig best er að kveðja börnin sín þegar þau koma með þau á morgnana. Skiptir miklu máli að foreldrar séu jákvæðir í garð leikskólans svo að barnið fái tilfinningu fyrir því að það sé ekkert að óttast.

Frjálsi leikurinn

Það er mikill og flottur frjáls leikur í boði fyrir börnin. Auk frjálsa leiksins hafa börnin verið mikið að fönðra og finnst þeim það mjög gaman.

Jafnrétti

Við setjum það í forgang að finna styrkleika barnanna og styrkja þá. Leikföng eru í þeirra hæð svo þau fá val um leikefni. Leikefnin eru gerð fyrir bæði kynin.

Samskipti börn/foreldra

Þar sem að börnin eru ung þá höfum við látið foreldra vita að stoppa stutt á morgnana því að ef þau ílengjast geta börnin orðið leið. Við gefum okkur þó tíma til að taka á móti upplýsingum frá heimilinu sem skiptir barnið máli og nauðsynlegt fyrir okkur að vita. Við látum foreldra vita að að þeir geta alltaf hringt í okkur og spjallað. Við hvetjum foreldra að spjalla við okkur í lok dags. Við kennum foreldrum hvernig best er að kveðja börnin sín þegar þau koma með þau á morgnana. Skiptir miklu máli að foreldrar séu jákvæðir í garð leikskólans svo að barnið fái tilfinningu fyrir því að það sé ekkert að óttast.

Samvinna milli leikskóla og heimilis/Heimamening barnanna

Við ætlum að endurbæta ferilmöppu barnanna þannig að hún tengist meira menningu barnanna. Börnin koma með myndir að heiman af t.d. fjölskyldu þeirra, uppáhaldsleikfangi, heimilisdýrum og fleira. Foreldrar skrifa smá texta um barnið.

Jafnrétti

Við setjum það í forgang að finna styrkleika barnanna og styrkja þá.

Skráningar á námi barna

Við höfum verið með foreldraviðtöl tvisvar á ári. Fyrir viðtölin skráum við á eyðublöð þroska og framfarir barnanna t.d. félagsþroska, grófhreyfingar, fínhreyfingar, virkni í daglegu starfi og sjálfshjálp.

Við munum einnig setja framfarir barnanna í ferilmöppu barnanna.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Unnið markvist með heimamen ningu allra barna	Ferilmöppur	Nefnd sem kynnir sér ferilmöppur í öðrum skólum, samræ mt fyrir skólann það sem er sett inn í bókina verður þróun, keyptar möppur fyrir öll börnin .	Apríl 2018- maí 2020	Deildarstjórar	Endurmat á starfsdegi mars 2019	Hvernig gekk, farið yfir niðurstöður úr matinu
Skráning á námi barna	Ferilmöppur	Myndræn skráning af námi barnanna	Apríl 2018- maí 2020	Deildarstjórar	Endurmat á starfsdegi mars 2019	Hvernig gekk, farið yfir niðurstöður úr matinu

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Guludeildar um starfið á síðasta ári

Gulu deild var breytt í ungbarnadeild haustið 2017. Á Gulu deild eru 12 börn fædd frá Jan 2016 til ágúst 2016. Aðlögun gekk að mestu vel, það þarf að muna að þetta eru yngri börn og getur verið jafn erfitt fyrir foreldra og börn að byrja á nýjum stað. Því þarf að gæta að taka ekki of stóra hópa inn í einu. Einnig þarf að koma því þeim upplýsingum að heilsugæslu stöðvum að leikskólar séu með börn sem eru að byrja 18 mánaða þannig að hægt sé að hefja samstarf strax á milli ef þörf er. Nýr deildarstjóri tók við Guludeildinni um miðjan des 2017

Frjáls leikur og hópastarf

Frjáls leikur hefur komið mikið í stað hópa starfs, en með vorinu er meira um að börnunum sé skipt upp í hópa til að vinna ákveðin verkefni. Mikilvægt er að skipta börnunum upp í smærri hópa til að geta gefið þeim meiri athygli og sinnt þörfum hvers og eins þó að markvist hópastarf sé ekki í gangi.

Aðbúnaður inni á deild

Guladeildin var tekin í gegn í ágúst, hiti settur í gólfíð og veggir málaðir. Í september voru endurbætur á klósettinu. Litla klósettið var fært þar sem stóra var og það fjarlæggt. Við fengum langan vask með þremur krönum í stað lægri vasksins og minni vask sem var hækkaður og er fyrir handþvott kennara. Skiptiaðstaðan var tvöfölduð með lengdri borðplötu. Einnig var bætt við innviði deildarinnar. Við erum mjög ánægðar með það sem við keyptum inn: Húsið frá Barnasmiðjunni, langa borðið með speglunum að innan og þrautabrautin í kjarnanum. Allt sem við mælum með. Kassarnir sem við keyptu virðast endingagóðir og gott að geta merkt þá. Það gerir tiltekt og flokkun myndræna, bæði fyrir starfsmenn og börn.

Aðbúnaður utandyra

Við vorum svo heppnar að fá þennan flotta kastala með rennibraut fyrir börnin okkar og var svæðið sem ætlað er yngstu börnunum girt af. Við fengum líka lítið vegasalt sem er mikið notað og svo voru rólurnar færðar á betri stað fyrir okkur. Hvað afgirta svæðið varðar er smá hönnunar galli á staðsetningu hliðsins. Hliðið er of langt frá útidyra hurð leikskólans og í snjó og krapa er mjög erfitt fyrir litla fætur að komast að hliðinu. Einnig þurfa börnin að ganga framhjá tröppum sem er alger slysa hætta þegar 24 börn þurfa að komast að afgirta svæðinu. Einnig mætti stækka svæðið í átt að útidyra hurð leikskólans til að mynda meira rými fyrir frjálsan leik barnanna t.d hjól, krítar og hlaupaleiki. Ef afgirta svæðið myndi vera stækkað í átt að útidyrahurð leikskólans myndi það auðvelda litlum fótum að komast á áfangastað auk þess sem starfsmenn þyrftu ekki að vera bera börnin í eins miklu magni að svæðinu þar sem þeirra aðal leiksvæði er.

Aðlögun

Gekk vel um vorið enda færri börn í aðlögun en um haustið. Muna þarf að í aðlögun erum við ekki bara að aðlaga barnið inn á deildina okkur, heldur einnig foreldrana. Við þurfum líka að mynda tengsl við foreldra, því ef þau eru óörugg geta börnin orðið það líka! Það er mjög gott að geta tekið inn að vori og miðri önn þar sem börnin eru það ung og háð starfsfólki, meiri tími gefst til að sinna bæði foreldrum og barni þar sem hin börnin á deildinni eru orðin örugg á leikskólanum. Það væri gott að geta tekið inn 3-4 börn í fyrsta hollu og tvö börn í einu í næstu hollum á eftir. Þannig getur einn kennari synt börnunum sem eiga að vera búin í aðlögun á meðan hinir kennararnir tveir sinna nýju aðlögunar börnunum. Þannig skapast meiri tími fyrir þau börn sem eru kominn á deildina.

Samvera og ávaxtastund

Það er misjafnt hvort við höfum haft samveruna við borð eða inni í samveruherbergi. Þar sitjum við öll saman og syngjum ávaxtalagið Epli, epli, banani áður en við gæðum okkur á ávöxtunum. Þegar ávextirnir eru búnir syngjum við lögin sem bangsarnir í bláa pokanum eiga. Lögin sem við syngjum mest eru: Í leikskóla er gaman, Dúkkan hennar Dóru, Bangsi lúrir, Gulur rauður, uglu lagið og Við erum vinir auk þess sem börnin eru koma með sín óskalög. Fyrir hádegis samveruna þá erum við saman inni í herberginu með bangsana á gólfinu eða bækur. Börnin geta þá komið með ákveðinn bangsa eða bækur til kennarans og þannig komið til skila hvaða lag þau vilja syngja eða lesa – lýðræði. Börnin stjórna þá því sem sungið er á meðan skiptitíminn er. Formleg samvera hefst svo þegar búið að skipta á börnunum og hægt að hafa meiri ró. Gott er að syngja það sem við viljum að börnin geri því þá grípa börnin betur það sem ætlast er til af þeim, þetta verður skemmtilegra og meira eins og leikur. Það er einnig betra fyrir raddböndin að syngja, fremur en að kalla og hrópa. Muna stutt fyriræli og endurtaka, endurtaka og endurtaka!

Samvinna heimila og leikskóla

Næsta haust ætlum við að efla tengsl við heimameningu barnanna á deildinni. Við höfum verið með bóka fiskana okkar þar sem börnin koma með uppáhalds bækur að heiman og við lesum saman í samverustund. Við tókum líka myndir af börnunum með bækurnar sínar sem við setjum á vel skreytta fiska á vegg inni á deild hjá okkur. Síðan fara þessar myndir inn í feril möppur barnanna sem fylgja þeim við útskrif heim. Næsta haust ætlum við að bættu inn vinalegum bangsa sem fær að fara heim með barninu og taka þátt í heimilislífi barnsins. Foreldrar verða beðnir um að skrifa smá upplýsingar um samveru bangsa og barns og kannski eina, tvær myndir sem við söfnum í möppu og svo lesum við það sem bangsi og barnið gerðu saman. Síðan fara sögurnar af barninu og bangsa í feril möppu barnsins.

Feril mappa

Til stendur að uppfæra feril möppu leikskólans með þeim hætti að það verði hægt að grípa augnablikin betur. Foreldrar hafa líka meiri möguleika á að skoða hvað barnið aðhefst í leikskólanum við allskyns tækifæri. Börnin hafa aðgang að sinni möppunni sinni og rifjað upp skemmtileg augnablik. Stefnt er að því að mappan komist í gagnið strax í haust.

Mat á dagskipulagi á gulu deild

Á vor önn 2018 gerðum við innra mat á deildinni þar sem dagskipulagið var skoðað með tilliti til yngri barna en hefur verið undanfarin ár.

Samverustund

Þátttaka, Áhugi, lýðræði, tímasetning og málörvun.

Mat: Hver dagur er metin en reglan er að fara inn í samveru og syngja nokkur lög og/eða lesa bók.

Úrbætur og tímasetning: Byrjað er að vinna með samveru stundir strax á haustin og markmiðið er að vera búin að auka úthald barnanna í lestri og samveru þar sem málörvun og frekari innlögn fyrir börnin geti átt sér stað með komandi vori.

Hádegismatur

Þjónar, andrúmsloft, umræður, sjálfhjálp

Mat: Matatíminn er rólegur og notaleg stund þar sem við notum tækifæri á að efla sjálfhjálp og málörvun.

Úrbætur og tímasetning: Megum vera duglegri að hafa þjóna til að aðstoða við að leggja á borð.

Stefnt er að því að byrja strax næsta haust.

Fataklefi

Fjöldi, Sjálfhjálp, hlutverk kennara.

Mat: Einn kennari fer inn í fataklefa og aðstoðar 2-4 börn í útifatnað og fer fyrstur út. Föt eru sótt inn í fataklefa og farið með inn á deild eða kjarna og þar sem aðrir kennarar aðstoða hin börnin í þeirra fatnað.

Úrbætur og tímasetning: Megum vera röskari að koma okkur út með börnunum. Er þegar byrjað.

Hópastarf

Tilgangur, Viðfangsefni, lýðræði

Mat: Frjáls leikur hefur verið að taka hópastarfið yfir eftir að börnin urðu svona ung á deildinni. Í stað hópastafs erum við með nokkrar stöðvar þar sem börnin geta fengið að ganga á milli og velja sér viðfangsefni. Starfsmenn eru við hverja stöð og hjálpa börnunum að komast af stað inn í leikinn.

Úrbætur og tímasetning: Flæðið hefur gengið vel og sjáum við fram á að halda áfram á þessari braut næsta skólaár.

Útivera/Útinám

Markmið, Viðfangsefni, reglur

Mat: Á haustin eru áherslan lögð á að börnin finni öryggi í garðinum og hefur nýja afgirta svæðið hjálpað til við það. Frjáls leikur og könnunar leikur í trjám og á lóð eru helstu verkefni útiverunnar á haust og vetrarmánuðum. Á vorin er stöðvar í garðinum með fjölbreyttum efnivið t.d Smíðasvæði, drullumall, og vatnaskemun.

Úrbætur og tímasetning: Halda okkar striki.

Móttaka/kveðja

Markvið, líðan barna

Mat: Reynum að taka alltaf á móti börnum með nafni og kveðja á sama hátt. Gaman er þegar við höfum eitthvað smá að segja foreldrum frá degi barnsins, það gefur smá innsýn í það sem börnin hafa verið að gera yfir daginn.

Úrbætur og tímasetning: Halda okkar striki.

Frjálsi leikurinn

Tími, andrúmsloft, þátttaka barna/kennara

Mat: Við höfum góðan tíma í frjálsa leiknum þar sem hópastarf er komið svo mikið í frjálsan leik hjá okkur. Það þarf að skipta um efnivið í frjálsa leiknum með reglulegu millibili og skipta börnunum upp í smærri hópa ef þarf. Alltaf þarf að lesa í barnahópin hverju sinni.

Úrbætur og tímasetning: Halda okkar striki.

Samskipti

Börn, foreldra (hvernig var)

mat: Við teljum samskipti við börn og foreldra vera í góðum málum.

Úrbætur og tímasetning: Halda okkar striki

Jafnrétti

Barnahópurinn,tilgangur og framkvæmd

Mat: Við reynum að framfylgja þörfum allra barna á deildinni. Reynum að leyfa öllum börnum að fá tækifæri til að virkja sína hæfileika og taka virkan þátt í starfinu.

Úrbætur og tímasetning: Halda okkar striki og efla hvert barn eins og við getum til að blómstra og verða sjálfstæður einstaklingur.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Unnið markvist með heimamen ningu allra barna	Ferilmöppur	Nefnd sem kynnir sér ferilmöppur í öðrum skólum, samræ mt fyrir skólann það sem er sett inn í bókina verður þróun, keyptar möppur fyrir öll börnin .	Apríl 2018- maí 2020	Deildarstjórar	Endurmat á starfsdegi mars 2019	Hvernig gekk, farið yfir niðurstöður úr matinu
Skráning á námi barna	Ferilmöppur	Myndræn skráning af námi barnanna	Apríl 2018- maí 2020	Deildarstjórar	Endurmat á starfsdegi mars 2019	Hvernig gekk, farið yfir niðurstöður úr matinu

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Grænudeildar um starfið á síðasta ári

Innra mat Grænudeildar

Hér á að koma stutt samantekt um helstu niðurstöður, styrkleika og veikleika innra mats frá síðasta starfsári (2017-2018).

Græna deildin tók breytingum á haustdögum 2017. Börnin sem byrjuðu á deildinni haustið 2017 voru yngri en áður eða fædd 2014 og 2015. Fyrir áramótin voru 14 börn á deildinni og 17 börn eftir áramót. Græna deildin hefur lagt áherslu á að taka vel á móti hverju barni í upphafi dags og kveðja það í lok dags. Bæði á morgnana og í lok dags gefst tækifæri til að eiga samskipti við foreldra sem við nýtum eftir bestu getu. Svefntíma barnanna og hvernig þau borða í hádegi hefur verið skráð niður á sérstakt blað inn á deildinni. Það hefur verið skráð niður á sérstaka töflu við inngang inn á kjarna deildarinnar upplýsingar um verkefni sem hver hópur gerir í hópastarfstímum sem eru fjórum sinnum í viku fyrir hádegi. Græna deildin hefur notað facebook síðu Leikskólans í vetur til að koma upplýsingum til foreldra um starfið á deildinni þ.e.a.s. hvað er efst á baugi hverju sinni.

Á skólaárinu hefur leikskólinn tekið þátt í Nordplus verkefni sem bar heitið The World of Storytelling ásamt þremur erlendum leikskólum þar sem áhersla hefur verið á að auka áhuga barna á bókum, auka orðaforða og efla læsi. Fyrir áramótin unnum við með bókina Jóhannes og vikudagarnir og eftir áramótin var unnið með bók sem ber heitið Hænsnaþjófurinn. Þetta verkefni hefur fléttast inn í leikskólastarfið. T.d. var þemað á öskudaginn að börnun bjuggu til búninga í tengslum við sögupersónur úr bókinni hænsnaþjófurinn. Í öskudagsverkefninu gafst tækifæri til að vinna á lýðræðislegan hátt með börnunum þar sem þeim bauðst að velja sér viðfangsefni úr bókinni og hanna öskudagsbúning út frá þeirri sögupersónu sem þau völdu. Þetta verkefni leiddi af sér mikla sköpun hjá börnunum sem fólst í því að þau völdu sjálf efnið í búningana sína og máluðu það síðan á sinn hátt ásamt því að sum börnin völdu að búa til sína eigin grímu.

Morgunmatur

Morgunmatur er milli 8:15 og 9:00. Á skólaárinu hefur Græna deildin borðað morgunmat í kjarna sem er sameiginlegt svæði milli Rauðu deildar og Grænu deildar. Það fyrirkomulag hefur gefist vel og höfum við geta boðið börnunum inn á deild þegar þau eru búnin að borða morgunmatinn. Þar hefur verið hægt að bjóða þeim viðfangsefi til að leika með í frjálsa tímanum sem skapast á milli morgunmatar og morgunsamverustundar.

Samverustundir

Á skólaárinu hafa yfirleitt verið tvær samverustundir á dag, morgunsamvera klukkan 9:15 og hin fyrir nónstundina eftir hádegi eða um klukkan 14:40. Einnig hefur verið söngstund fyrir hádegismatinn á milli 11:30 og 11:50.

Morgunsamverustund

Öll börnin og kennarar á deildinni eru saman í einu rými. Samverustundin byrjar með að börnunum er boðið upp á ávexti. Síðan eru tveir veðurfræðingar valdir úr barnahópnum sem upplýsa börnin um veðurfar dagsins og hvernig best skuli að klæða sig í útiveru dagsins. Veðurfræðingarnir eru síðan þjónar í hádegi leggja á borð með kennara og sækja matinn í eldhúsið. Í morgunsamveru er lesin bók fyrir börnin eða sungið saman fer eftir stemmingunni hverju sinni.

Söngstund

Börnin koma úr morgunútiveru klukkan 11:30. Þau börn sem hætt eru með bleiu fara á wc og þjálfa sig í því að þvo hendur og þurrka. Börnin sem nota bleiu æfa sig í því að setjast á klósett áður en þau fá nýja bleyju og þau þjálfa sig einnig í að þvo hendur og þurrka. Síðan koma börnin smá saman í söngstundina í hvíldarherberginu. Meðan börnin eru að tynast inn í söngstundina fá þau tækifæri til að velja sér bók og skoða. Þarna gefst tækifæri til að leiðbeina börnunum að ganga vel um bækurnar okkar sem þau hafa aðgang að í sérstakri bókahillu á deildinni. Síðan þegar öll börnin eru komin í samveruherbergið þá syngjum við saman og endum alltaf söngstundina á að syngja sérstakt matarlag. „Allur matur á að fara“ eða „við erum kátir krakka á leiðinni í mat“

Samverustund fyrir nónstund

Það er breytilegt hvað við gerum í samverustundinni fyrir nónstundina. Það sem hefur verið vinsælt hjá börnunum í vetur er að kennarinn segir sögu t.d söguna um „bangsana þrjá“ og börnunum stendur til boða að vera þátttakendur í sögunni þ.e.a.s þau leika persónurnar í sögunni samhliða því að kennarinn segir söguna. Einnig hafa börnin sýnt áhuga á að fara í leikinn „hver er undir teppinu“

Hópastarf

Hópastarfið á skólaárinu hefur byrjað klukkan 9:30- 10:10. Rauða og Græna deild hafa skipt með sér svæðum vikulega. Græna deild hefur sal og listakrók í eina viku og Rauða deild hefur kjarna og deild í eina viku. Börnunum á Grænu deild hefur verið skipt í þrjá hópa eftir aldri og hefur hver hópur haft hópstjóra sem hefur haft umsjón með hópstarfinu. Hver hópur hefur farið í útinám einu sinni í viku.

Hópastarf í kjarna

Þar höfum við getað boðið upp á vatnsleiki í kjarna sem börnunum finnst afskaplega skemmtilegt. Ásamt því að vinna að ýmsum verkefnum sem lúta að þema hverju sinni. Í kjarnanum gefst einnig kostur á að spila fjölbreytt spil með börnunum. Það sem við viljum bæta í hópastarfi í kjarnanum er að börnin gefist kostur á að fara reglulega í vatnsleiki í sullukerinu í kjarna því okkur finnst við ekki hafa boðið börnunum nógu reglulega upp á það á skólaárinu.

Hópastarf í sal

Þar höfum við boðið upp á hreyfistundi. Þar sem við höfum sett upp þrautabraut sem hefur vakið áhuga barnanna á ýmskonar hreyfingu. Í salnum eru líka holukubbar sem við höfum ekki nýtt okkur mikið í vetur í salnum með börnunum, vegna þess að áhugi barnanna hefur meira legið í að stunda ýmsa hreyfingu.

Hópastarf í listakrók

hópastarfstímarnir í listakrók hafa verið nýttir í listsköpun. Þar fá börnin tækifæri til að mála, teikna, líma og æfa sig að nota skæri sem þeim finnst mjög spennandi. Listakrókurinn býður upp á að færa borðið sem þar er og setja stórt blað á gólfíð þannig að börnin geti unnið saman að ákveðnu verkefni. Þetta nýttum við okkur stundum í vetur t.d. þegar nokkur börn á deildinni máluðu saman „Brand úr sögunni Hænsnaþjófurinn“.

Hópastarf á deild

Á deildinni gefst kostur á að vinna að ýmsum þemaverkefnum sem eru í gangi hverju sinni ásamt því að efla vinatengsl barnanna í hópnum með því að vera til staðar með þeim í leik og aðstoða þau við að þróa leikinn áfram.

Matmálstímar

Á Grænu deildinni hafa matmálstímar verið skipulagðir á þessu skólaári þannig að börnin borða á þremur borðum ásamt kennara. Lagt er upp með að matartímarnir séu notalegir og tækifæri til að auka orðaforða barnanna. Það er ákveðin matarvísa sem börnin fara með ásamt kennara áður en borðhald hefst. Hver vísa er höfð í ákveðin tíma sá háttur er hafður á til að börnin fái svigrúm og tíma til að tileinka sér hverja matarvísu. Tilgangur með því að fara með vísu fyrir matinn er að auka orðaforða barnanna og vera með umfjöllum um innihald vísunnar. Börnin æfa sig í að ganga frá sínum matardiskum á sértakan matarvagn á deildinni. Tilgangurinn með því er að auka hjá þeim sjálfshjálp og efla sjálfstraust þeirra.

Hvíldarstund

Hvíldarstund eftir hádegismat hefur verið tvískipt. Þau börn sem taka lengri lúr eftir matinn fara í sérstakt hvíldarherbergi inn af deildinni sem hægt er að loka af. Börnin sem taka styttri lúr fara í hvíld á deildinni sjálfri þetta skipulag hefur hentað börnunum vel og hugsum við okkur að halda því áfram.

Fataherbergið

Á skólaárinu hafa börnin farið í litlum hópum í fataherbergið til að auðvelda þeim að læra að fara að sínum hólfum og læra að tileinka sér reglur í fataherberginu, ásamt því að þau fá þjálfun í því að klæða sig sjálf með aðstoð kennara. Við teljum að þetta fyrirkomulag henti þessum aldri vel og höfum hugsað okkur að halda áfram með það. Vegna þess að börnin njóta sín betur í litlum hópum og það gefur kennurum aukið svigrúm til að nota stundirnar í fataherberginu til að spjalla við börnin og auka þannig orðaforða þeirra.

Útinám

Leikskólinn leggur áherslu á útinám og er með grenndarsvæði nálægt leikskólanum sem heitir Gullkistan þar er hægt að fara með börnunum og þar eiga þau kost á að leika sér frjálst í náttúrulegu umhverfi. Í vetur hefur Græna deild yfirleitt farið með hvern hóp í útinám einu sinni í viku og höfum við farið nokkrum sinnum farið með börnunum í Gullkistuna. Þess má geta að börnin njóta sín mjög vel í Gullkistunni og þar upplifa þau öðruvísi frjálsan leik en í leikskólagarðinum. Þar eru stórir steinar til að klifra í og mikið af lúpínu á sumrin sem skapar mikinn ævintýraheim fyrir þau. Leikskólinn hefur viljað leggja áherslu á að nota þetta svæði til leikja með börnunum ásamt því að borða þar hádegismat og færa nónstundina þangað þegar tækifæri gefst. Á þessu skólaári höfum við á Grænu deild ekki verið nógu dugleg að borða hádegismat í Gullkistunni. Á vordögum höfum við þó farið og í Gullkistuna og verið með nónstundina þar og hefur það vakið mikla lukku hjá börnunum.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissar skráningar	Hver hópstjóri framkvæmir myndræna skráningu með texta úr hópastarfinu einu sinni í mánuði	Hver hópstjóri er með myndavél í hópastarfstím anum tekur myndir og punktur niður hjá sér texta sem er lýsandi fyrir það sem fram fer í stundinni.	Framkvæ md byrjar 1.nóvemb er 2018	Hver hópstjóri framkvæmir skráningar og deildarstjóri ber ábyrgð á að til framkvæmda komi	Við munum safna saman þessum skráningargö gnum í möppu og eftir þrjá mánuði eða 1. febrúar munum við rýna í gögnin á deildarfungi og ræða hvernig hafi gengið	

2.4 Stutt greinargerð deildarstjóra Rauðudeildar um starfið á síðasta ári

Innra mat – Rauðadeild

Fámennari barnahópur stóran hluta námsársins og stöðugleiki í starfsmannahaldi varð til þess að deildarbragurinn var með besta móti. Námsaðstaða barnanna var mjög góð, nóg pláss fyrir alla og aðstaða til sjálfsprottins leiks var öll miklu betri. Deildin hafði mun meiri aðgang að sameiginlegu rými skólans, sbr. sal og listaskála og þar að leiðandi höfðu börnin meira frjálstræði og val um viðfangsefni og auðveldara að koma á mótis við óskir og þarfir

hvers og eins. Átök og árekstrar milli barna minnkuðu og vinátta og samheldni var einkennandi í barnahópnum. Áhersla var lögð á traust, hlýju og vináttu á meðal barna og fullorðinna. Við notuðum Bínu bálreiðu til að innleiða samskiptareglur og eins var mikið unnið með „Ofurvininn“. Þemu vetrarins réðust af hrynjanda ársins, menningu leikskólans og eins var leitað eftir að elta áhugasvið barnanna. Einkunnarorð leikskólans; sköpun, virðing, gleði og hreysti voru höfð til hliðsjónar í starfinu og grænu gildin fléttuð inn í. Öll börnin fóru einu sinni í viku í útinám með það að markmiði að læra að virða og njóta náttúrunnar, kynnast nærumhverfi og auka hreyfifærni sína og hreysti. Mikil áhersla var lögð á skapandi starf og á að börnin hefðu aðgang að opnum efnivið í öllum leik og starfi. Áhersla var lögð á gott aðgengi að leikföngum og öðrum efnivið sbr. pappír, litum, skærum og lími. Mikil áhersla var á endurnýtanlegan efnivið og bjuggu öll börnin til eigin grímubúninga fyrir öskudag, endurunnu flöskur til að gefa í jólagjafir og tóku þátt í að skapa úr endurnýtanlegum efnivið í grænum apríl. Þannig var leitast eftir að börnin lærðu græn gildi og upplifðu gleðina og stoltið við að skapa sjálf. Elstu börn leikskólans söfnuðu líka flöskum, og fóru með í endurvinnslu, matreiddu og seldu grænmetissúpu og styrktu þannig Barnaheill sem var þeirra innlegg í að stuðla að hnattrænu jafnrétti, Grænfanapema ársins. Elstu börn skólans „Snillingarnir“ tóku eins þátt í fjölmörgum verkefnum á skólaárinu og ber þá helst að nefna samstarfsverkefni við Tónskóla Sigursveins og Barnamenningarhátíð, Heimahagaverkefni sem er samstarfsverkefni nágrannaleikskólanna okkar og Selásskóla, samstarf við menningarstofnanir sbr. Borgarleikhúsið, Þjóðminja- og Árbæjarsafn auk þess að fá ýmsa utanaðkomandi fræðslu sbr. frá slökkviliði, umferðaskólanum og Sorpu. Markvisst var unnið með læsi út frá NordPlus verkefninu „The World of Storytelling. Unnið var sérstaklega með bækurnar Jóhannes og vikudagarnir og Hænsnaþjófinn. Eins voru öll börn deildarinnar hvött til að koma með uppáhaldsbókina sína sem var lesin í samverustund og búinn til bókaormur. Aðgengi að bókum var eflt og búinn til lítill leskrókur. Öll börnin fóru að lánmarki í fjórar lestrarstundir á Ársafn í sem var liður í auknu samstarfi við bókasafnið.

Samverustund

er alltaf klukkan 9, fellur sjaldan niður. Öll deildin er saman í samveru (börn og kennarar) og allir eiga sitt sæti merkt með mynd sem hefur reynst vel. Kostir og gallar að hafa alla saman, má skoða að tvískipta samveru næsta vetur. Kostir fleiri nú í ár sbr. allir hittast, börn og starfsfólk sem skapar liðsheild og allir að vinna að því sama, fá sömu innlög. Samverustundareglurnar gagnast vel til að

stýra stórum hópi. Uppbygging samveru alltaf sú sama. Hefur reynst vel, skapar öryggi. Fyrst eru valdir tveir veðurfræðingar og tveir þjónar. Veðurfræðingar skoða veðrið og eru svo hvattir til að nota fjölbreytt orð til að lýsa veðrinu. Þá eru þeir hvattir til að segja hinum hvernig best er að klæða sig í útiveru. Þarf að gera sýnilegra með myndum og orðum, gera ritmálið sýnilegra. (*umbótaráætlun 1.*) Þá er farið yfir hvern vantar í barnahópin og hvernig dagurinn verður, dagskipulag. Því næst er innlögn sem oftast tengist því þema/ viðfangsefni sem verið er að vinna með á hverjum tíma. Bækur, leikir, þulur og söngvar nýttir sem námsgögn. Börnin hvött til að taka þátt í umræðu, koma með spurningar. Þátttaka barna verið góð, áhugasamur barnahópur. Þarf að fylgjast vel með tvítyngdu börnunum. Alltaf í boði að fara fram og skoða bók með starfsmanni ef manni langar ekki/ treysti sér illa að vera þátttakandi. Alltaf gert í góðu og í boði að koma aftur inn. Reynst vel, allir vilja oftast vera með. Höfum æft okkur í að sá sem vill fá orðið rétti upp hönd, gengið mjög vel. Þarf að passa að allir fái orðið. Málörvun fer fram í gegnum virkan þáttökulestur, söngva, þulur, veðurfræðinga og umræður.

Hádegismatur

Hádegismatur er frá 12. – 12.30. Þjónar sjá um að leggja á borð og sækja matinn með aðstoð kennara. Börnin sitja á þremur borðum með sínum hópstjóra. Börnin eiga sín föstu sæti í tveimur yngri hópunum, skapar öryggi og eins gott stýritæki fyrir kennara. Í elsta hóp eru frjálst sætaval sem er liður í að æfa börnin fyrir matsal í grunnskóla. Matartími hefst með því að farið er með matarvísu, liður í málörvun. Börnin eru svo hvött til að skammta sér sjálf og eins að smakka allt. Eins eru allir hvattir til að nota hnífapör og að ganga frá eftir matinn. Snillingar þurfa að ganga betur frá á matarvagn, krafa frá eldhúsi.

(*umbótaráætlun 2*) Þegar allir hafa skammtað sér á diskana setja allir hendur undir borð og beðið er eftir þögn. Þá býður þjóninn öllum að byrja. Hlutverk kennarans er að hvetja til sjálfshjálpar, leggja inn borðsiði, huga að málörvun með því að fá setja orð á allan mat og nota opnar spurningar og leitast við að skapa notalega stund. Hefur gengið vel í flestum tilfellum, mikið mas í miðjuhópnum sem leiðir til þess að þau eru lengi að borða. Notum tímavaka til að sýna börnunum að við höfum ákveðinn tímamörk, matartíminn búinn 12.30, þar sem þörf krefur.

Fataklefi

Börnin fara á klósett eftir hópastarfstíma, með sínum hópstjóra og svo í fataklefa. Börnin hvött til að ganga beint að sínu hólfi og hefjast handa. Fyrirkomulag gengið vel, ekki allir á sama tíma í fataklefanum. Börnin hvött til að klæða sig sjálf, myndrænt skipulag sem segir til um hvað eigi að fara í. Þurfum að vera duglegri að nota það, samtvinna við samverustund (*umbótaráætlun 3*). Farið afsíðis (gangur) með þau börn sem þurfa meiri hvatningu og truflast auðveldlega. Sköpum þeim þannig meira næði, gerum stundina notanlegri og komum í veg fyrir hlaup og köll, gengið vel.

Kennarar verið meðvitaðir um hlutverk sín, sett orð á athafnir, hvatt til sjálfshjálpar og málörvunar og verið meðvitaðir um þá nánd sem hægt er að skapa í fataklefa. Verum duglegar að minna hver aðra á.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
1. Gera rit- og myndmál sýnilegra í samverustund	1. Að börnin hafi aðgang að rit- og myndmáli	Prenta út nöfn barnanna – mánuði, daga, myndir af veðri, fatnaði og dagskipulagi	1.júní	Deildarstjóri	Endurmetið á fyrsta deildarfundum næsta skólaárs	Að kennarar sjái að börnin geti nýtt sér rit- og myndmál í samverustundum
2. Frágang elstu barna eftir matmálstíma	Að börnin læri að ganga frá eftir matmálstíma	Börnin hvött til að skafa vel af diskum, raða borðbúnaði á vagn.	1. maí	Deildarstjóri	1.júní á deildarfundum	Að kennari sjái að börnin hafi tileinkað sér rétt vinnubrögð
3. Nýta myndmál betur í fataklefa	Að börnin eigi auðveldara með að muna og sjá hvaða útiföt þau eiga að fara í	Virkja spjaldið sem er í fataklefa. Láta veðurfræðinga fylla það út í samverustund og hengja svo upp í fataklefa	1.sept.	Deildarstjóri	1.okt. - börnin meta	Að börnin upplifi sig öruggari í fataklefa, að þau viti til hvers að þeim er ætlast.
Ytra mat 1. Skráningar á námi barna	Búa til ferilmöppu. Skrá við myndir hvað þau segja um myndirnar.	Búum til nefnd sem kemur með hugmyndir að útfærslu að ferilmöppu.	Haust 2018	Allir starfsmenn deildarinnar	10.des og 10. maí á deildarfundum	

	<p>Bangsi fer heim í helgarheimsókn, tengja við heimamenningu .</p>	<p>Fáum lánaðar möppur frá öðrum til að skoða. Fáum foreldra til að koma með möppur og plastvasa. Kennum öllum starfsmönnum hvernig á að gera myndræna skráningu í Ipad. Búum til verkferla um hvað eigi að vera í möppu.</p>				
--	---------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--	--	--	--

3 Ytra mat

Var gert mat á leikskólastarfinu á vegum SFS, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila á síðasta ári?

Ef svo er, látið eftirfarandi koma fram:

- Hver gerði matið?
Leikskólaráðgjafar á vegum SFS
- Hver var tilgangurinn?
Meginþættir í matinu eru stjórnun, uppeldi og kennsla, mannauður, skólabragur og innra mat.
- Matsaðferð.
Viðtöl, kannanir, rýnihópar og fylgst með starfinu á deildum.
- Helstu niðurstöður.
Leikskólinn kom vel út í flestum þáttum matsins. Mannauður kom sérstaklega vel út og samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Þættir þar sem verklag er ábótavant eru Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans, Mat á námi og velferð barna, Gagnaöflun og vinnubrögð.
- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum ytra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Börnunum verði	Að elstu börnin velji hádegismat á matseðli	Matarfundir einu sinni í mánuði með elstu börnunum	Mái 2018	Hópstjóri elstu barna	Endurmat 2var á ári nóv. og apríl, elstu börnin	98% niðurstöður úr könnun

Gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins					fá broskarlalista	
	Hlusta á raddir barnanna.	Börnin hafi val um verkefni og leikefni í frjálsum leik. Allt nýtt starfsfólk er upplýst um þetta	Maí 2018	Deildarstjórar	Endurmat reglulega á deildarfundum Sameiginlega maí 2019	Allt starffólk tileinki sér þessi vinnubrögð
	Lesi í hópinn.	Að börnin hafi tækifæri til flæðis í leik. Allt nýtt starfsfólk er upplýst um þetta	Maí 2018	Deildarstjórar	Endurmat reglulega á deildarfundum Sameiginlega mars 2019	Allt starffólk tileinki sér þessi vinnubrögð
Að börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi						
	Tvær elstu deildarnar taki þátt í mati á leikskólastarfinu	Broskarlamat tvisvar á ári	Nóv. 2018-apríl 2019	Deildarstjórar	Endurmat á starfsdegi mars 2019	Hvernig gekk, farið yfir niðurstöður úr matinu
Unnið markvist með heimamenningu allra barna						
	Ferilmöppur	Nefnd sem kynnir sér ferilmöppur í öðrum skólum, samræmt fyrir skólann það	Apríl 2018-maí 2020	Deildarstjórar	Endurmat á starfsdegi mars 2019	Hvernig gekk, farið yfir niðurstöður úr matinu

		sem er sett inn í bókina verður þróun, keyptar möppur fyrir öll börnin .				
Í greinagerð um innra mat sé fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst	Að niðurstöður matsins séu sýnilegar og kynntar öllu starfsfólki og foreldrum.	Niðurstöður verða kynntar á starfsdegi áð hausti og birtar opinberlega í starfsáætlun leikskólans	Sept. 2018	Stjórnendur	Endurmat á deildarstjóra fundi mars 2019	
Gætt sé að því að innra mat byggist á margvíslegum gögnum	Að endurmat og viðhorf speglist frá sem flestum hliðum	Endurmat á deildarfundum, starfsdegi í mars, broskarlakönnun hjá börnum, viðhorfskannanir hjá foreldrum	Nóv. 2018 – maí 2021	Stjórnendateym i	Endurmat á deildarstjóra fundum 2018, 2019, 2020	
Starfsfólk leikskólans taki þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati	Lýðræðisleg vinnubrögð þar sem fleiri koma að undirbúningi innra mats.	Stofnuð matsnefnd sem ákveður áherslur og undirbýr innra mat með samráði við annað	Apríl 2018	Stjórnendur	Endurmat mars 2019	

		starfsfólk og foreldra fyrir skólaárið.				

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Sérkennslustjóri hætti í ágúst 2017 og ekki fékkst nýr til starfa fyrr en í janúar 2018 en hún hætti í lok apríl 2018. Enginn sérkennslustjóri er við störf í leikskólanum núna. Send hefur verið inn beiðnir um greiningu á einu barni til þjónustumiðstöðvar og eitt barn með beiðni hjá Heyrna og talmeinastöð. Fengin hefur verið ráðgjöf vegna hegðunar erfiðleika vegna eins barns hjá hegðunarráðgjafa hjá þjónustumiðstöð. Haldnir hafa verið reglulegir fundir með foreldrum og starfsfólki leikskólans.

Deildarstjórar hafa séð um að börn deilda sinna njóti málörvun í samræmi við þarfir, þann tíma sem sérkennslustjóri hefur ekki verið til staðar. Í vetur hefur sérstök áhersla verið lögð á lestur bóka með það að markmiði að auka orðaforða, orðaskilning, framsögn og hlustun. Elstu börn leikskólans fara í Hljóm próf og gerð er áætlun um málörvun í samræmi við niðurstöður.

- Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?
Eitt barn nýtur tímabundins stuðning í júní og júlí 2018. Einn starfsmaður sinnir því í 4 tíma á dag.
- Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.
Stuðst er við læsistefnu leikskólans og orðahefti menntamálastofnunar. Elstu börn leikskólans fara í Hljóm próf og gerð er áætlun um málörvun í samræmi við niðurstöður. Ef grunur vaknar um seinkun á þroska er beiðni um athugun send á þjónustumiðstöð og unnið í samráði við hana og foreldra.
- Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig er þær notaðar í starfinu?
Öllum foreldrum er boðið að gera markmið til að vinna að með barnið sitt í samtali við deildarstjóra.
Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning .
Sérkennslustjóri/deildarstjóri hefur forgang um gerð hennar í samráði við foreldra og sérfræðinga á þjónustumiðstöð. Hópstjóra/stuðningur barnsins er síðan kynnt áætlunin og vinna í samráði við sérkennslustjóra/deildarstjóra eftir henni. Einstaklingsnámskráin er endurmetin reglulega.
- Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.

Teymisfundir með foreldrum barna sem grunur/ greint um þroskafrávik hafa verið eru haldnir reglulega og eftir þörfum. Foreldrum er bent á fræðslu eftir nauðsyn og þörfum. Þeim er boðið upp á ráðgjöf hjá sérkennslustjóra og sérfræðingum þjónustusmiðstöðvar.

- Samstaf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir
Fastir fundir með þjónustumiðstöð eru tvisvar á ári og síðan eftir þörfum. Leitað er til þjónustumiðstöðvarinnar í ólíkum tilfellum bæði til sálfræðings, hegðunarráðgjafa, sérkennslu ráðgjafa og félagsráðgjafa vegna barnaverndar mála.
- Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.
Sérkennslustjórar hafa verið mikill stuðningur við deildarstjóra og annað starfsfólk og komið með ráðgjöf eftir þörfum. Ekki er sérkennslustjóri starfandi við skólann eins og er.
- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmt við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Ráða nýjan sérkennslustjóra	Settur vel í starfið og farið yfir starflýsingu og áætlun gerð út frá ytra mati.	Leikskólastjóri settur nýjan sérkennslustjóra inn í starfið	Strax við ráðningu	Leikskólastjóri/ sérkennslustjóri	Reglulega á fundum	

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Hér á að koma greinagerð um vinnulag, ráðstöfun fjármagns og tilgreina tengiliði fjölmennningar í leikskólanum. Fyrir fjármagn voru keyptar bækur og spil sem nýtast vel til málörvunar. Túlkar voru fengnir í viðtöl við foreldra 6 sinnum. Tengiliður er aðstoðarleikskólustjóri.

- **Hvernig er unnið með fjölmenningarlegt leikskólastarf?**

- fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks?

Ekki hefur verið fræðsla undanfarin ár. Ráðgjöf hefur verið fengið frá pólsku ráðgjöfum hjá SFS. Tengiliður hefur farið á upplýsingafundi.

- fjölbreytt heimamening og tungumál?

Fánar heimalanda foreldra eru hengdir upp fyrir framan deildir. Fjölmeningadagur hefur verið haldin hátíðlegur á mismunandi hátt í samstarfi við foreldra. Á fjölþjóðlega tungumáladeginum komu foreldrar og lásu fyrir börnin á sínu tungumáli. Börnin koma með bækur reglulega að heiman.

- samskipti og virka þátttöku í fjölbreyttum barnahóp?

Börnin eru hvött til þess að tala í samverustundum og segja frá því sem skiptir þau máli. Það er lögð sérstök áhersla á lesa og tala við börnin sérstaklega á hverjum degi. Sérstök áhersla hefur verið á orðskilning í vetur.

- **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?**

- Markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforði)

Sérkennslustjóri hefur gert áætlun fyrir hvert barn og þau fengið sérstakan tíma til málörvunar í hverri viku.

- Hvernig er orðforði dýpkaður, með hvaða aðferðum?

Myndir hengdar upp á vegg og talað í kringum myndirnar. Orð notað í öllum athöfnum í daglegu starfi. Börnin hvött til að nota stuttar setningar til að tjá sig (þau sem á eiga í erfiðleikum). Setningarnar síðan lengdar á markvissan hátt. Sungið mikið og textar útskýrðir fyrir börnunum.

- Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna?

Sérkennslustjóri skráði og mat framfarir barnanna.

- **Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?**

- Móttaka og aðlögun?

Foreldrum er afhentur upplýsingarbæklingur á þeirra tungumáli. Foreldrar skrifuðu niður algengustu orðin á sínu tungumáli við myndir þannig að hægt var að nota þau með börnunum. Öllum foreldrum er boðið upp á túlk. Ný áætlun er á umbóta áætlun.

- Upplýsingagjöf?
Boðið var upp á túlk í viðtölum og foreldrar fá upplýsingabækling.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)
Leikskólastjóri tók starfsfólk í viðtal í apríl. Viðtalið fór fram í símalausu herbergi ca 30.mín.
- Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)
Sameiginlegir fyrirlestra/námskeið á skipulagsdögum þar sem allt starfólk leikskólans tók þátt voru þrír,
 1. Leikur að bókum/ Birte Harksen og Ingibjörg Ásdís Sveinsdóttir leikskólakennarar Urðahóli.(nóvember)
 2. Lestu bóka og málproski ungar barna/ Þóra Sæunn, (mars)
 3. Kvíði/ Sóley D. Davíðsdóttir(febrúar)
- Í september hélt Sigrún Einarsdóttir fyrirlestur um ungbarnadeildir á skipulagsdegi. Hún var síðan ráðgefandi fyrir deildar í vetur, fylgdist með starfinu og hélt fundi með deildarstjórum.
- Á skipulagsdegi heimsótti starfsfólk tvo leikskóla, Björtuhlíð og Akra.
- Í október - námskeiðsdagur leikskólastjóra.
- Í nóvember var
 1. Leikskólinn gott námsumhverfi hjá endurmenntun HÍ- aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri.
 2. Olik námskeið-leikskólastjóri.
 3. Nordplus heimsókn til Eistlands-leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri/verkefnastjóri.
- Í mars - ráðstefna um ungbarnaskóla í London - leikskólastjóri og sérkennslustjóri .
Út vil ek ráðstefna- tveir deildarstjórar. Annar þeirra hélt erindi.
Myndlistar kennsla ungar barna nám hjá LHÍ – aðstoðarleiksskólastjóri
- Í apríl - námskeið um handbók leikskólaeldhús - matráður.
- Í maí fóru
 1. Námstefnu FLS - leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
 2. Út vil ek útinámskeið hjá Gufunesbæ -2 leiðbeinendur, deildarstjóri og leikskólastjóri
Einn deildarstjóri hélt námskeið.
- Í júní Nordplus heimsókn til Svíþjóðar-aðstoðarleikskólastjóri/verkefnastjóri og tveir deildarstjórar.

Námskeið hjá Barnaheill Vinátta verkfæri sem virka – þrír deildarstjórar

Sigrún Einarsdóttir var ráðgefandi fyrir ungbarnadeildir

Áætlun um símenntun í leikskólanum á komandi skólaári.

- 27. september 2018 -Námskeiðsdagur á starfdegi – efnisveitur í námi með ungum börnum og skapandi starf- Guðný Rúnarsdóttir myndlistakennari. (allt starfsfólk)
- 28.september 2018 námskeið um einhverfu- Greiningastöð (stuðningur/leiðbeinandi)
- 12.nóvember 2018 Einelti – Vanda Sigurðsdóttir lektor, sameiginlegur fyrirlestur alla leikskólann í Árbæ
- 7.febrúar 2019 – Leikskólaráðstefna á starfsdegi (allt starfsfólk)
- 19.október 2018 – Námskeiðsdagur leikskólastjóra.
- 2.nóvember - Endurmenntun EHÍ Gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin. (leikskólastjóri /deildarstjóri)
- Forystunám hjá HR Leikskólastjóri 2var í mánuði.
- Leiðtogaskóli – deildarstjórar einu sinni í mánuði.
- Undirbúningur fyrir þróunarverkefni – Bablarna – sænskt málörvunarverkefni fyrir yngstu börnin- í samstarfi við Sæunni Þóru hjá Miðju máls og læsis.
- Leikskólabrú í samvinnu við eflingu og Mímir, tveir leiðbeinendur.
- Farið verður á tilfallandi ráðstefnur og fyrirlestrar sem tengjast stefnu og áætlun skólans.

7 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð - fjöldi fulltrúa eru 4 , kosið var á foreldrafundi í október, ráðið hittist 2var á ári að frumkvæði leikskólastjóra, les yfir starfsáætlun og gefur henni umsögn.
- Foreldrafundir – kynningafundur fyrir nýja foreldra var í ágúst þar sem námskrá , skipulag starfsins og aðlögun var kynnt. í október var foreldrafundur þar sem áherslur vetrarins voru kynntar. Í febrúar var foreldrafundur í hádeginu þar starfið var kynnt og nýr sérkennslustjóri var með innlegg. Elstu börnin seldu súpu til styrktar Unicef. í maí var fræðslufundur um Mikilvægi lesturs bóka og málþroski ungra barna sem Þóra Sæunn og Emilía hjá MML héldu.

- Foreldraviðtöl. Öllum foreldrum var sent eyðublað um einstaklingsnámskrá og gátu skráð sig á lista fyrst í október og aftur í apríl. Þar var farið yfir líðan, framfarir og þroska barnsins og gerðar áætlanir í samráði við foreldra.
- Foreldrafélag. Kosið er í foreldrafélag á foreldrafundi á haustin. Allir foreldrar borga í foreldrasjóð sem er notaður í ýmsar uppákomur fyrir börnin.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins.
 - 12. okt. Undirbúningsfundur í Selásskóla
 - 24. okt. Nemendur heimsækja gamla skólann sinn
 - 16. nóv. Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörnin
 - 6. des. Elstu nemendur heimsækja skólabókasafnið
 - 20.feb. Elstu nemendur heimsækja 1.bekk
 - 15. maí. Skilafundur
- Samstarfsverkefni ef einhver eru.

Heimahagarnir sem er samstarfsverkefni, Selásskóla, Heiðarborgar, Rauðuborgar og Blásala þá hittast elstu börn leikskólans og yngstu börnin í Selásskóla reglulega yfir veturinn á svæði nærri Selásskóla og hesthúsunum Og hafa fengið nafnið Heimahagarnir. Þar leika þau, gera útiverkefni og fara í skipulagða leiki og umfram allt eignast góðar minningar saman.

9 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar á skólaárinu eru 6 þar af 3 sameiginlegir starfsdagar fyrir leik-og grunnskóla í hverfinu. Starfsdagarnir eru; 27. og 28. september, 12.nóvember, 7. febrúar, 12. apríl og 22. maí. Þeir dagar sem eru sameiginlegir á skólaárinu í hverfinu eru; 12. nóvember, 7. febrúar og 22. mars. Leikskóladagatal er sent sem fylgiskjal með starfsáætluninni.

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

10.3 Leikskóladagatal 2018 - 2019

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: Blásalir

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Sumarlokun	1 L		1 M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Foreldrakaffi	1 F		1 M		1 M	Barnameningarhátíð/Verka	1 L		1 M	Skil á starfsáætlun
2 F	Sumarlokun	2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F	Barnameningarhátíð	2 S	Sjómanna dagurinn	2 Þ	
3 F	Sumarlokun	3 M	Aðlögun	3 M	Íþróttadagur	3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F	Opið hús	3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 M		4 M	Foreldrabollu kaffi	4 F		4 L	Barnameningarhátíð	4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F		5 M		5 M		5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F		5 S	Barnameningarhátíð	5 M		5 F	
6 M	Friðdagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Öskudagsball	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ	Sumarlokun	7 F	Bókadagur	7 S		7 M		7 F		7 M		7 F	Starfsdagur	7 F		7 S		7 Þ		7 F	Skólaslit í grunnskólum	7 S	
8 M	Sumarlokun	8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F	Leikskólinn opnar	9 S		9 Þ	Foreldrafundur	9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M	Aðlögun	10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 M		11 M	Foreldraviðtöl - Bláu	11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M	Starfsdagur	12 M	Snillinga - Jól	12 L		12 Þ	Leiksyning	12 Þ	Foreldraviðtöl - Gulu	12 F	Starfsdagur	12 S		12 M		12 F	
13 M	Aðlögun	13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 M	Foreldraviðtöl - Rauðu	13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F	Uppskeruhátíð	14 S		14 M		14 F	Jólaball	14 M		14 F		14 F	Foreldraviðtöl - Grænu	14 S	Þalmasunnudagur	14 Þ		14 F	Sumarhátíð	14 S	
15 M		15 L		15 M	Foreldraviðtöl - Bláu	15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	Foreldraviðtöl - Gulu	16 F	Ömmu og Afa kaffi	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M	Foreldraviðtöl - Rauðu	17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ		18 F	Foreldraviðtöl - Grænu	18 S		18 Þ		18 F	Þorrablót	18 M		18 M		18 F	Skirdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M		19 F	Vetrarfrí	19 M		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M	Aðlögun	20 F		20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F	Uppákomudagur	21 S		21 M		21 F	Vetrarsólstöður	21 M		21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F		21 S	Þáskadagur	21 Þ		21 F	Sólstöðuhaulp	21 S	
22 M	Kynningarfundur	22 L		22 M		22 F		22 L		22 Þ		22 F	Starfsdagur	22 F		22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F	Uppákomudagur	23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F		25 M		25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M		26 F	Bangsadagurinn	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M	Aðlögun	27 F	Starfsdagur	27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F	Starfsdagur	28 S		28 M		28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M	Útskrift Snillinga	29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F	Foreldrakaffi - Leiksyning	30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnameningarhátíð	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

Umsögn foreldraráðs við starfsáætlun Blásala 2018-2019

Foreldraráð Blásala hefur fengið starfsáætlun Blásala til yfirlstrar og umsagnar. Eftirfarandi er umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Blásala gerir engar efnislegar athugasemdir við starfsáætlun og þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér. Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með stefnu og störf leikskólans, metnaðarfullt útinám og einstök verkefni eins og Heimahaga, öskudagsundirbúningi og bangsabók. Foreldraráð vill hvetja til að ráðinn verði sérkennslustjóri og að passað sé upp á að leiðbeiningar og upplýsingar í starfinu séu á fleiri tungumálum svo foreldrar með önnur móðurmál eigi auðvelt með að fylgjast með.

Katrín Erna Gunnarsdóttir

Katrín Erna Gunnarsdóttir

Kristrún Gústafsdóttir

Kristrún Gústafsdóttir

Ágústa Björk Bergsveinsdóttir

Ágústa Björk Bergsveinsdóttir